



Skýrsla til borgarstjórnar

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Starfsárið ágúst 2023 – júlí 2024



Reykjavík



EFNISYFIRLIT

1.	NEFNDIN OG SKIPAN HENNAR	2
2.	UM ENDURSKOÐUNARNEFNDIR	3
3.	ENDURSKOÐUNARNEFND REYKJAVÍKURBORGAR	4
3.1	STÖRF NEFNDA RINNAR Á STARFSÁRINU	4
3.1.1	HELSTU VERKEFNI FYRIR A HLUTA OG SAMSTÆÐU	5
3.1.2	HELSTU VERKEFNI FYRIR HVERT B HLUTA FÉLAG	6
4.	YTRI ENDURSKOÐUN	6
4.1	EFTIRLIT MEÐ YTRI ENDURSKOÐUN	6
4.2	ÁBENDINGAR OG ATHUGASEMDIR YTRI ENDURSKOÐENDA	8
4.3	ÓHÆÐI YTRI ENDURSKOÐENDA	8
5.	INNRI ENDURSKOÐUN OG RÁÐGJÖF	9
6.	INNRA EFTIRLIT	13
7.	ÁHÆTTUSTÝRING	14
8.	UM ÁRSREIKNING REYKJAVÍKURBORGAR 2023	15
8.1	VINNUFERLI VIÐ GERÐ REIKNINGSSKILA	15
8.2	UMSÖGN UM ÁRSREIKNING	15
9.	SJÁLFSMAT OG VIÐHORFSKÖNNUN	17
10.	ÖNNUR MÁL	18



1. NEFNDIN OG SKIPAN HENNAR

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er undirnefnd borgarstjórnar og starfar á grundvelli samþykktar sem staðfest var í borgarstjórn 10. júlí 2014. Nefndin starfar í samræmi við IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Í samþykkt endurskoðunarnefndar er gert ráð fyrir að nefndin gegni samsvarandi hlutverki gagnvart þeim einingum sem teljast falla innan samstæðu Reykjavíkurborgar. Kveðið er á um þetta fyrirkomulag í sameignarsamningi um Orkuveitu Reykjavíkur og var það samþykkt í stjórnnum annarra B hluta fyrirtækja og stjórnnum þeirra byggðasamlaga sem teljast til samstæðu borgarinnar samkvæmt 61. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í almennri eigendastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að stofnsamþykktir fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar kveði á um að endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfi fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar. Endurskoðunarnefnd telst þannig einnig undirnefnd stjórna félaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar.

Á fundi borgarstjórnar þann 7. júní 2022 var endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar kjörin til fjögurra ára. Nefndina skipa;

- Lárus Finnbogason, formaður
- Einar Sveinn Hálfðánarson
- Sigrún Guðmundsdóttir
- Sunna Jóhannsdóttir

Varamenn eru;

- Danielle Pamela Neben
- Ólafur B. Kristinsson
- Páll Grétar Steingrímsson



2. UM ENDURSKOÐUNARNEFNDIR

Markmið með skipan endurskoðunarnefndar er að bæta starfshætti í málum er snúa að fjárhagslegu eftirliti. Fjallað er um verkefni endurskoðunarnefnda í IX. kafla A í lögum um ársreikninga. Fram kemur í lögum að við einingar tengdar almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd og skuli nefndarmenn vera óháðir endurskoðendum einingarinnar. Þá skal meirihluti nefndarmanna jafnframt vera óháður einingunni. Gerð er sú krafa að nefndarmenn hafi þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar.

Lögbundin verkefni endurskoðunarnefnda eru eftirfarandi:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

Endurskoðunarnefndir eru mikilvægar við stjórnun og eftirlit fyrirtækja og félaga, hvort sem um er að ræða einka- eða opinberan rekstur. Þær gegna lykilhlutverki við að aðstoða stjórn og stjórnendur við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar við reikningsskil, innra eftirlit, áhættustýringu, innri og ytri endurskoðun og eftirlit þeirra með að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur. Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland hafa gefið út leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (6. útgáfa – febrúar 2021) þar sem fjallað er um hlutverk og verkefni endurskoðunarnefnda. Samkvæmt leiðbeiningunum skal endurskoðunarnefnd fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum, innri endurskoðun og ytri endurskoðendum. Þá skal nefndin yfirfara að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur rekstrareiningar séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu hennar á hverjum tíma.



3. ENDURSKOÐUNARNEFND REYKJAVÍKURBORGAR

Auk þeirra ákvæða sem fram koma í lögum um ársreikninga og leiðbeiningum um stjórnarhætti starfar nefndin eftir samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn 10. júlí 2014. Dótturfélög Reykjavíkurborgar (B hluti) teljast einingar innan samstæðu Reykjavíkurborgar í merkingu ársreikningalaga og skipar borgarstjórn endurskoðunarnefnd fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem eru yfirfarnar reglulega.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er því einnig endurskoðunarnefnd þeirra félaga sem mynda samstæðu Reykjavíkurborgar, sem felur í sér að;

- samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd gildir fyrir allar einingar innan samstæðunnar.
- starfsreglur endurskoðunarnefndar ná til allra verkefna sem nefndin annast fyrir hverja einingu innan samstæðunnar.
- til staðar er samkomulag um samstarf við stjórn hvers félags, nema við Orkuveitu Reykjavíkur en þar er í sameignarsamningi kveðið á um fyrirkomulag endurskoðunarnefndar.

3.1. STÖRF NEFNDARINNAR Á STARFSÁRINU

Nefndin hélt 25 fundi á starfsárinu og fékk til sín á fundina fjölmarga einstaklinga sem tengdust því efni er var til umfjöllunar hverju sinni.

Stjórnendur einstakra B hluta félaga tóku sæti á mörgum þessara funda þegar málefni viðkomandi félaga voru til umfjöllunar. Nefndin fundaði auk þess sérstaklega með stjórnnum og stjórnendum einstakra B hluta félaga á tímabilinu.

Nefndarmenn endurskoðunarnefndar tóku sæti á fjórum fundum borgarráðs á starfsárinu þar sem til umfjöllunar voru:

- Árshlutareikningur 1.1. – 30.6. 2023
- Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar starfsárið 2022-2023
- Ársreikningur 2023 og endurskoðunarskýrsla (2 fundir)

Formaður nefndarinnar fundaði auk þess reglulega með formanni borgarráðs Reykjavíkurborgar. Náið og gott samstarf er með endurskoðunarnefndinni og Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar, en líkt og fram kemur í samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar þá leggur Innri endurskoðun og ráðgjöf nefndinni til fundarritara.



Á starfsárinu skilaði nefndin af sér umsögnum og bókunum um árs- og árshlutareikninga Reykjavíkurborgar og B hluta félaganna. Nefndin afgreiddi einnig með sama hætti skýrslur frá Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar og öðrum innri endurskoðendum félaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar sem nefndin fékk til umfjöllunar.

3.1.1 HELSTU VERKEFNI FYRIR A HLUTA OG SAMSTÆÐU

Helstu verkefni endurskoðunarnefndar fyrir A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar á tímabilinu voru eftirfarandi:

- Ytri endurskoðendur
 - Öflun upplýsinga og gagna til staðfestingar á óhæði endurskoðunarfyrirtækis og einstakra einstaklinga í endurskoðunarteyminu áður en endurskoðun hófst
 - Yfirferð á endurskoðunaráætlun við upphaf endurskoðunar
 - Fundahöld og önnur samskipti þegar unnið var að endurskoðun ársreiknings
 - Yfirferð á skýrslum við lok endurskoðunar og fundahöld því tengd
- Eftirfylgni með ábendingum og athugasemdum ytri endurskoðenda vegna ársreiknings 2023
- Umsagnir um árs- og árshlutareikninga Reykjavíkurborgar
- Reikningsskilaaðferðir samstæðu Reykjavíkurborgar
- Vinna við forval, útboð og tillaga um ytri endurskoðendur til a.m.k. fimm ára, þ.e. reikningsárin 2023- 2027, gengið frá nýjum samningi um ytri endurskoðunarþjónustu
- Verkefnaáætlun innri endurskoðunar – fylgst með framgangi verkefna
- Umsagnir og umfjallanir um skýrslur innri endurskoðunar
- Eftirfylgni með ábendingum og athugasemdum innri endurskoðunar
- Önnur tilfallandi verkefni



3.1.2 HELSTU VERKEFNI FYRIR HVERT B HLUTA FÉLAG

Helstu verkefni endurskoðunarnefndar fyrir hvert B hluta félag voru eftirfarandi:

- Ytri endurskoðendur
 - Öflun upplýsinga og gagna til staðfestingar á óhæði endurskoðunarfyritækis og einstakra einstaklinga í endurskoðunarteyminu áður en endurskoðun hófst
 - Yfirferð á endurskoðunaráætlun við upphaf endurskoðunar
 - Fundahöld og önnur samskipti þegar unnið var að endurskoðun ársreiknings
 - Yfirferð á skýrslum við lok endurskoðunar og fundahöld því tengd
- Eftirfylgni með ábendingum og athugasemdum ytri endurskoðenda vegna ársreiknings 2023
- Umsagnir um árs- og árshlutareikninga einstakra félaga
- Vinna við forval, útboð og tillaga um ytri endurskoðendur til a.m.k. fimm ára, þ.e. reikningsárin 2023- 2027, gengið frá nýjum samningi um ytri endurskoðunarþjónustu
- Verkefnaáætlun innri endurskoðunar – fylgst með framgangi verkefna
- Umsagnir og umfjallanir um skýrslur innri endurskoðunar
- Eftirfylgni með ábendingum og athugasemdum innri endurskoðunar
- Önnur tilfallandi verkefni

4. YTRI ENDURSKOÐUN

Í 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 kemur fram að sveitarstjórn skuli ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki sem annast skuli endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðunin skal fara eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Í 3. mgr. 72. greinar laganna er kveðið á um að endurskoðandi sveitarfélags skuli jafnframt kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnarsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess séu í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

4.1. EFTIRLIT MEÐ YTRI ENDURSKOÐUN

Eitt af lögbundnum verkefnum endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings A hluta og einstakra félaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar.



Samningur um endurskoðunarþjónunstu 2023 – 2027 fyrir Reykjavíkurborg og tilgreind B hluta félög var undirritaður þann 31. október 2023 í kjölfar forvals og útboðs á þjónustunni. Gengið var til samninga við Grant Thornton endurskoðun ehf. en félagið var ytri endurskoðandi samstæðu Reykjavíkurborgar árin 2018 – 2022.

Nefndin hélt á starfsárinu marga fundi með ytri endurskoðendum, auk annarra óformlegra samskipta, og er hér á eftir grein fyrir nokkrum þessara funda.

Á fundum þann 6. og 13. nóvember 2023 kynntu ytri endurskoðendur áætlanir sínar um endurskoðun ársreikninga 2023 fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar, A hluta og einstök félög innan samstæðunnar. Á fundunum var farið yfir áhættumat endurskoðendanna á einstökum liðum reikningsskilanna og fyrir reikningskilin í heild sinni, mikilvægismörk og helstu endurskoðunaraðgerðir sem þeir áformuðu.

Þegar unnið er að áhættumati við endurskoðun eru tekjur og sviksemisáhætta vegna stjórnenda ávallt skilgreind sem verulegir áhættuþættir. Við sérstakar aðstæður er þó hægt að skilgreina tekjur sem lið með minni áhættu.

Í endurskoðunaráætlun fyrir A hluta voru aðrar tekjur, varanlegir rekstrarfjármunir og sviksemisáhætta stjórnenda metið sem liðir með verulega áhættu en auk þessara liða áformuðu endurskoðendurnir að leggja sérstaka áherslu á óefnislegar eignir, handbært fé, skatttekjur og annan rekstrarkostnað.

Hjá öllum félögum í B hluta voru tekjur og sviksemisáhætta stjórnenda metið sem liðir með verulega áhættu. Sem dæmi um sérstök áhersluatriði endurskoðendanna hjá einstökum félögum má nefna að hjá Orkuveitu Reykjavíkur voru varanlegir rekstrarfjármunir og innbyggð afleiða í raforkusölusamningum metið sem liðir með verulega áhættu en auk þessara liða voru áhættuvarnarsamningar sérstök áhersluatriði við endurskoðunina. Hjá Félagsbústöðum hf. voru mat og matsbreytingar fjárfestingaeygna í ársreikningi félagsins metnir sem liðir með verulega áhættu og rekstrarhæfi félagsins var metið sem sérstakt áhersluatriði.

Nefndin gerði endurskoðendunum grein fyrir því sem hún mat mikilvægustu og áhættusömustu þætti í reikningsskilunum. Nefndin lagði á það áherslu að endurskoðendurnir upplýstu nefndina tafarlaust ef upp kæmu einhver álitamál við endurskoðunina.

Á fundinum þann 6. nóvember lögðu endurskoðendurnir fram staðfestingu á óhæði sínu og greindu nefndinni frá þeirri þjónustu sem þeir höfðu veitt auk endurskoðunar. Einnig greindu þeir frá hugsanlegri ógnun við óhæði sitt, sbr. ákvæði 29. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun.

Á fundi þann 5. febrúar 2024 var farið yfir stöðu endurskoðunar og tímaáætlun. Á fundinum var rætt um framgang endurskoðunar og helstu endurskoðunaraðgerðir sem kynntar höfðu verið og óskað upplýsinga um helstu álitafni sem upp hefðu komið ef um slíkt væri að ræða.



Á fundum þann 12. febrúar, 23. febrúar, 27. febrúar, 4. mars, 11. mars, 25. mars, 8. apríl og 23. apríl fundaði nefndin með ytri endurskoðendum og stjórnendum einstakra B hluta félaga og fór yfir drög að ársreikningum þeirra og endurskoðunarskýrslur.

Á fundum þann 8., 23. og 29. apríl 2024 fundaði nefndin með endurskoðendum og fór yfir niðurstöður endurskoðunar ársreiknings A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar.

Nefndin átti á starfsárinu gott samstarf við ytri endurskoðendur. Þá er það mat nefndarinnar að vel hafi verið staðið að endurskoðun ársreiknings A hluta, samstæðu Reykjavíkurborgar og einstakra B hluta félaga.

4.2. ÁBENDINGAR OG ATHUGASEMDIR YTRI ENDURSKOÐENDA

Ytri endurskoðendur hafa komið á framfæri athugasemdum sínum við endurskoðunarnefnd, stjórnir og stjórnendur einstakra B hluta félaga í endurskoðunarskýrslum. Þeir hafa auk þess hjá nokkrum félögum komið með ábendingar til stjórnenda í sérstökum skýrslum. Nefndin hefur í öllum tilvikum farið yfir athugasemdir og ábendingar endurskoðendanna.

Nefndin kannaði í desember 2023 hvort brugðist hefði verið við athugasemdum og ábendingum ytri endurskoðenda vegna endurskoðunar ársreiknings 2022. Sú könnun bendir ekki til annars en að ýmist hafi verið brugðist við athugasemdunum eða að unnið sé að úrbótum. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að brugðist sé fljótt við ábendingum og athugasemdum ytri endurskoðenda.

Það er viðvarandi áhersluatriði nefndarinnar að fylgjast með því að skipulega og tímanlega sé brugðist við þeim ábendingum sem fram koma hjá ytri endurskoðendum. Þá mun nefndin áfram leggja á það áherslu við ytri endurskoðendur að þeir veiti borgarstjórn ítarlegar upplýsingar um niðurstöður könnunar sinnar á því hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnarsýsla Reykjavíkurborgar og einstakar ákvarðanir af hálfu hennar séu í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

4.3. ÓHÆÐI YTRI ENDURSKOÐENDA

Það er í þágu almannaheilla að meðlimir endurskoðunarteymis og endurskoðunarfyrirtækið sé óháð viðskiptamanninum sem er í endurskoðun. Í siðareglum endurskoðenda (gr. 290.6) segir að óhæði feli í sér:



- „(a) Óhæði í reynd: Hugarástand sem gerir kleift að látið sé í ljós álit án þess að hafa orðið fyrir áhrifum sem stofna faglegu mati í hættu og gerir því einstaklingi kleift að starfa af heilindum og beita hlutlægni og faglegri dómgreind.
- (b) Óhæði í ásýnd: Forðast tengsl og aðstæður sem hafa svo mikla þýðingu að óvilhallur og upplýstur þriðji aðili væri líklegur til að álykta, á grundvelli allra staðreynda og aðstæðna, að heilindum, hlutlægni eða faglegri tortryggni, fyrirtækis eða meðlims endurskoðunarteymis hafi verið stefnt í hættu.“

Það er eitt af lögbundnum verkefnum endurskoðunarnefnda að meta óhæði endurskoðenda og hafa eftirlit með öðrum störfum þeirra. Nefndin vann þessi verkefni með þeim hætti;

- að óska eftir staðfestingu á óhæði endurskoðunarfélagsins og einstakra meðlima í endurskoðunarteyminu við upphaf endurskoðunar á ársreikningum Reykjavíkurborgar og B hluta félaganna.
- að samþykkja fyrirfram beiðnir um kaup á annarri þjónustu en þeirri sem kveðið er á um í verksamningi við ytri endurskoðendur.

Það er mat endurskoðunarnefndar að ytri endurskoðendur, Grant Thornton endurskoðun ehf., þ.e. endurskoðunarfélagið og þeir starfsmenn sem unnu að endurskoðuninni, hafi verið óháðir í störfum sínum sem og að sú viðbótarþjónusta sem veitt var hafi ekki raskað óhæði þeirra.

5. INNRI ENDURSKOÐUN OG RÁÐGJÖF

Meðal hlutverka endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með störfum innri endurskoðenda. Í því sambandi fer nefndin yfir og samþykkir innri endurskoðunaráætlanir og fær kynningu á framvindu verkefnanna.

Samþykkt fyrir Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar (IER) og innri endurskoðanda skilgreinir tilgang starfseminnar, heimildir og ábyrgð. Samþykktin var síðast samþykkt á fundi borgarstjórnar þann 15. júní 2021. Hún segir til um verkefni og starfssvið, hæfi og umboð ásamt því að tilgreina hlutverk skrifstofu innri endurskoðanda og hvers fagsviðs hjá IER. Þrjú fagsvið skipta með sér verkefnum; fagsvið persónuverndar, fagsvið ráðgjafar og fagsvið innri endurskoðunar, og hvert og eitt fagsvið vinnur samkvæmt eigin erindisbréfi. Erindisbréf fagsviða eru yfirfarin reglulega af innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar og lögð fyrir endurskoðunarnefnd til samþykktar. Á fundi endurskoðunarnefndar þann 18. september 2023 var lögð fram og samþykkt tillaga innri endurskoðanda að erindisbréfi fyrir fagsvið innri endurskoðunar, þann 2. október 2023 var samþykkt tillaga innri endurskoðanda að erindisbréfi fyrir fagsvið persónuverndar og þann 30. október 2023 var samþykkt tillaga innri endurskoðanda að erindisbréfi fyrir fagsvið ráðgjafar.



Skrifstofa innri endurskoðanda

Samkvæmt samþykkt endurskoðunarnefndar hefur skrifstofa innri endurskoðanda með höndum umsýslu funda endurskoðunarnefndar, fundaritun og gagnavörslu.

Á starfsárinu 2023-2024 urðu miklar starfsmannabreytingar hjá IER. Á skrifstofunni eru 13 stöðugildi og voru starfandi 14 starfsmenn í lok árs 2023. Á starfsárinu var umtalsverð starfsmannavelta, auk veikindaleyfa og annarra leyfa starfsmanna. Undirmönnun skrifstofunnar er verulegt áhyggjuefni, sem hefur mikil áhrif á að IER geti sinnt verkefnum sínum sem skyldi. Miklu skiptir að vel takist til við að þjálfa og halda í öfluga og óháða sérfræðinga, sem hafi mikla þekkingu og reynslu af verkefnum IER. Síðari hluta starfsársins voru einungis um sex starfsmenn starfandi hjá IER.

Uppljóstrunargátt

Árið 2020 tóku gildi á Íslandi ný lög um vernd uppljóstrara, nr. 40/2020, og var þá sett á laggirnar hjá Reykjavíkurborg sérstök vefgátt fyrir móttöku uppljóstrana og nafnlausra tilkynninga. Samþykkt IER kveður á um að þar skuli gáttin rekin og nánar tilgreint hvernig meðferð slíkra mála skuli háttað. Vefgátt borgarinnar er jafnframt misferlisgátt Orkuveitu Reykjavíkur sef. og Félagsbústaða hf., tveggja dótturfélaga Reykjavíkurborgar. Á árinu 2023 bárust 25 tilkynningar í gegnum gáttina sem flestar voru sendar inn í skjóli nafnleysis. Skrifstofa innri endurskoðanda hefur með höndum úrvinnslu tilkynninganna og eftirfylgni með þeim eftir atvikum. Mál eru að öllu jöfnu unnin í samvinnu við hlutaðeigandi svið borgarinnar eða dótturfélag sem fara þá með vinnslu máls í framhaldinu. Ef mál varðar meint misferli getur það verið tekið til rannsóknar hjá fagsviði innri endurskoðunar hjá IER. Á árinu 2023 bárust ríflega helmingi fleiri tilkynningar í gegnum vefgátt uppljóstrana heldur en árið á undan og þannig má ljóst vera að umsýsla uppljóstrunargáttar eykur enn við verkefni skrifstofunnar.

Fagsvið ráðgjafar

Meðal hlutverka ráðgjafa borgarbúa samkvæmt erindisbréfi er að veita borgarbúum ráðgjöf, greiða götu þeirra og leiðbeina þeim í samskiptum sínum við borgina. Fagsviðið getur tekið til meðferðar kvartanir borgarbúa sem lúta m.a. að málsmeðferð Reykjavíkurborgar og málsmeðferð einkaaðila að því marki sem þeim hefur að lögum verið fengið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Fagsviðið getur einnig tekið til meðferðar framkvæmd Reykjavíkurborgar á lögbundnum og ólögbundnum verkefnum. Ráðgjafi borgarbúa fylgist með eðli kvartana borgarbúa yfir veittri þjónustu og bregst eftir atvikum við með frumkvæðisathugunum eða með því að beina tilmælum til starfseininga um úrbætur á málsmeðferð og starfsemi sinni. Tilgangurinn er að styrkja tengsl á milli borgarbúa og borgarstarfsfólks og stuðla að auknu réttaröryggi borgarbúa í stjórnsluframkvæmd. Ráðgjafi borgarbúa gegnir fræðsluhlutverki gagnvart öllu starfsfólki Reykjavíkurborgar um hlutverk stjórnslu og hverju beri að fylgja þegar unnið er hjá sveitarfélagi.

Fyrir utan að sinna hefðbundnum málum hefur fagsviðið, í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar, verið að vinna að sérstökum miðlægum reglugrunni þar sem



hægt verður að finna á einum stað allar gildandi reglur borgarinnar. Þetta verkefni er unnið með hliðsjón af því hlutverki fagsviðsins að samræma stjórnslu borgarinnar og reyna að tryggja að öll mál borgarinnar gagnvart borgarbúum séu framkvæmd á réttan hátt og á jafnræðisgrundvelli. Með slíkum reglugrunni munu borgarbúar geta fundið með skjótum hætti allar upplýsingar sem þeir þurfa er kemur að ákvörðunartöku hjá borginni og geta treyst því að þær upplýsingar sem þar er að finna séu uppfærðar og réttar. Reglugrunnur af þessum toga dregur úr líkum á villum eða ósamræmi í beitingu reglna og gefur borgarbúum tækifæri á að taka virkan þátt í stefnumótun sveitarfélagsins, sem og að auka skilning á ástæðum fyrir ákvörðunartökum.

Starfsskýrsla fagsviðs ráðgjafar fyrir starfsárið 2023 var lögð fram á fundi endurskoðunarnefndar þann 16. september 2024. Á árinu 2023 komu inn 144 erindi eða mál. Langflest mál koma frá einstaklingum en nokkur erindi bárust frá starfsfólki Reykjavíkurborgar, auk þess sem fagsviðið sinnti fjölmörgum frumkvæðisrannsóknnum. Þriðjungur mála tengist starfssviði velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Fagsvið persónuverndar

Samkvæmt erindisbréfi annast persónuverndarfulltrúi og fagsvið persónuverndar verkefni fyrir A hluta Reykjavíkurborgar sem falin eru persónuverndarfulltrúa í 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679, sbr. 35. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (persónuverndarlaga) og leiða af persónuverndarstefnu borgarinnar. Meðal verkefna er að fara fyrir teymi sérfræðinga innan Reykjavíkurborg um aðkomu, ráðgjöf og samráð við úrlausn álitafna sem upp geta komið í stjórnslu Reykjavíkurborgar á sviði persónuverndar. Önnur verkefni eru að fylgjast með úthlutun ábyrgðar á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga innan Reykjavíkurborgar, fara fyrir vitundarvakningu og þjálfun starfsfólks og framkvæma tilheyrandi úttektir. Enn fremur veitir persónuverndarfulltrúi, sé farið fram á það, ráðgjöf varðandi mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP) og fylgist með framkvæmd þess í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga. Þá vinnur persónuverndarfulltrúi með Persónuvernd og er tengiliður stofnunarinnar varðandi mál sem tengjast vinnslu, þar á meðal vegna öryggisbresta.

Fagsvið persónuverndar lagði fyrir fund endurskoðunarnefndar þann 30. október 2023 skýrslu um eftirlitsmyndavélar á vegum Reykjavíkurborgar og fylgni við persónuverndarlög og persónuverndarreglugerð. Endurskoðunarnefnd telur að þó svo niðurstöður athugunarinnar séu ekki tæmandi yfirlit yfir málefni rafræns eftirlits eru þær til þess fallnar að greina tækifæri til úrbóta þegar kemur að yfirsýn yfir eftirlitsstarfsemi, uppsetningu myndavéla og meðferð efnis sem verður til úr eftirlitsbúnaði. Skýrslan geti þannig nýst bæði starfsstöðvum Reykjavíkurborgar og fagsviði persónuverndar til áframhaldandi gæðastarfs í tengslum við persónuvernd. Endurskoðunarnefnd vísaði skýrslunni til borgarráðs til kynningar og í framhaldi til kynningar í fagráðum sem þess óska.

Persónuverndarfulltrúi lagði fram á fundi endurskoðunarnefndar þann 12. febrúar 2024 starfsáætlun sína fyrir árið 2024 sem vísað var til borgarráðs. Í starfsáætluninni kemur fram að í byrjun árs 2024 var tekið í notkun nýtt vinnsluskráningarkerfi sem nefnist „Wired Relations“.



Markmiðið með notkun kerfisins er að koma á miðlægu verklagi innan Reykjavíkurborgar hvað varðar persónuvernd og skráningar um vinnslu persónuupplýsinga. Heldur kerfið meðal annars utan um vinnsluskrár, skrá yfir kerfi Reykjavíkurborgar, vinnslusamninga Reykjavíkurborgar og mat á áhrifum á Persónuvernd (MÁP), ásamt öryggisfrávikum. Nýtist kerfið því öllum starfsstöðvum Reykjavíkurborgar ásamt því að nýtast persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar til að öðlast yfirsýn yfir stöðu persónuverndarmála í starfsemi borgarinnar. Notkun kerfisins er hafin og vonir standa til þess að geta innleitt lausn þessa að fullu fyrir árslok 2024 í stjórnslu Reykjavíkurborgar.

Í starfsáætluninni kom einnig fram að persónuverndarfulltrúi vakti athygli borgarráðs á þeim vandamálum sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar stendur frammi fyrir hvað varðar innleiðingar og notkun á kennslulausnum í skólastarfi. Í kjölfar þess hefur verið skipaður starfshópur um nýtingu stafrænna kennslulausna sem hefur m.a. það hlutverk að kortleggja allar stafrænar kennslulausnir sem eru í notkun á skóla- og frístundasviði og leggja fram tillögur um tilhögun, skipulag og ábyrgð þegar kemur að notkun tæknilausna í skólastarfi á vegum Reykjavíkurborgar. Yfirstandandi er einnig úttekt Persónuverndar um notkun „Google Workspace for Education“ í grunnskólum sveitarfélaga. Reykjavíkurborg hefur verið í nánú samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur sveitarfélög í því verkefni og er ljóst að lokaniðurstöður úttektar Persónuverndar munu hafa áhrif á það hvernig kennslulausnir verða nýttar í skólastarfi borgarinnar. Að lokum má nefna að Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu þann 5. febrúar 2024 að fella bæri úr gildi úrskurði Persónuverndar um notkun „SeeSaw“ í skólastarfi hjá Reykjavíkurborg í ljósi efnislegra annmarka á þeirri ákvörðun og mun það einnig hafa vægi í áframhaldandi vinnu. Persónuvernd fékk leyfi til þess að áfrýja þeim dómi til Hæstaréttar, málið var dómtekið þann 11. nóvember sl. og féll dómur þann 9. desember sl. Niðurstaða Hæstaréttar var að fella bæri úr gildi hluta ákvörðunar Persónuverndar og var íslenska ríkinu gert að endurgreiða stjórnvaldssekt sem Reykjavíkurborg hafði greitt.

Framlagningu á starfsskýrslu fagsviðs persónuverndar fyrir starfsárið 2023-2024 fyrir endurskoðunarnefnd var frestað til hausts 2024 vegna undirmönnunar fagsviðsins.

Fagsvið innri endurskoðunar

Hlutverk fagsviðs innri endurskoðunar samkvæmt erindisbréfi er að leggja mat á og bæta virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarháttanna hjá Reykjavíkurborg og B hluta félögum borgarinnar. Í almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var í borgarstjórn þann 3. maí 2022, kemur fram að borgin muni beita sér fyrir því að IER annist innri endurskoðun hjá fyrirtækjum innan samstæðu Reykjavíkurborgar. Þar kemur einnig fram að hafi stjórn fyrirtækis innan samstæðu Reykjavíkurborgar samið um innri endurskoðun við annan aðila skuli innri endurskoðunaráætlun félagsins gerð í samráði við IER áður en hún er lögð fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar til afgreiðslu.

Meðal hlutverka endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með störfum innri endurskoðenda. Í því sambandi fer nefndin yfir og samþykkir innri endurskoðunaráætlanir og fær kynningu á niðurstöðum verkefna og framvindu áætlana. Innri endurskoðandi leggur áhættugrunndaða innri



endurskoðunaráætlun fyrir A hluta Reykjavíkurborgar fyrir endurskoðunarnefnd til samþykktar og til kynningar í borgarráði og fyrir stjórnendum. Endurskoðunaráætlanir fyrir B hluta fyrirtæki eru lagðar fyrir nefndina til afgreiðslu og stjórnir viðkomandi B hluta fyrirtækja til samþykktar.

Á starfsárinu 2023–2024 var unnið eftir innri endurskoðunaráætlun fyrir A hluta Reykjavíkurborgar fyrir árin 2022–2023. Áætlunin var samþykkt á fundi endurskoðunarnefndar þann 21. febrúar 2022 og er þar gert ráð fyrir sextán frumúttektum og eftirfylgni með ábendingum úr fjórtán úttektarskýrslum. Endurskoðunarnefnd vekur athygli á því að IER tekst á hverju ári á hendur ýmis ófyrirséð verkefni utan áætlunar en slíkt hefur óhjákvæmilega áhrif á framgang samþykkrar endurskoðunaráætlunar.

Unnið hefur verið að gerð innri endurskoðunaráætlana fyrir A hluta Reykjavíkurborgar og B hluta félögin fyrir árin 2024–2025 og hafa starfandi innri endurskoðandi og skrifstofustjóri átt í því skyni samtöl við fjölmarga stjórnendur og stjórnarmenn á starfsárinu. Áætlanagerðin frestaðist vegna ófyrirséðra verkefna en ráðgert var að þær yrðu lagðar fyrir endurskoðunarnefnd og stjórnir B hluta félaganna fyrir árslok 2024. Á starfsárinu afgreiddi endurskoðunarnefnd innri endurskoðunaráætlanir fyrir:

- SORPU bs. Áætlun fyrir árið 2023 var vísað til samþykktar stjórnar á fundi endurskoðunarnefndar þann 6. nóvember 2023. Innri endurskoðun er framkvæmd af PwC ehf.
- Strætó bs. Áætlun fyrir árið 2023 var vísað til samþykktar stjórnar á fundi endurskoðunarnefndar þann 2. október 2023. Innri endurskoðun er framkvæmd af Deloitte ehf.

Endurskoðunarnefndin hefur átt góð samskipti við Innri endurskoðun og ráðgjöf á liðnu starfsári sem og við innri endurskoðendur byggðasamlaganna Strætó bs. og SORPU bs. Nefndin telur þó ástæðu til að benda á að reynslan sýnir að þótt fagleg nálgun á viðfangsefnum innri endurskoðenda sé sú sama er verulegur munur á því með hvaða hætti niðurstöður eru settar fram og kynntar fyrir stjórn, endurskoðunarnefnd og stjórnendum. Að mati nefndarinnar er það ágalli fyrir kjörna fulltrúa, sem sitja í mörgum stjórnnum og af ýmsum öðrum ástæðum, að ekki sé gætt samræmis að þessu leyti innan samstæðu borgarinnar. Nefndin hvetur því til þess að borgarráð beiti sér fyrir því að Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar annist innri endurskoðun allra eininga innan samstæðunnar.

6. INNRA EFTIRLIT

Eitt af lögboðnum verkefnum endurskoðunarnefnda er að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits rekstrareiningar. Innra eftirlit er ferli sem er samofið reglulegri starfsemi einingarinnar og er tilgangur þess að greina og bregðast við áhættu. Í þessu felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og að virkni þess sé sannreynd reglulega.

Ytri endurskoðendur prófa virkni innra eftirlits, leggja mat á það og ákveða endurskoðunaraðgerðir sínar m.a. út frá mati sínu á áreiðanleika innra eftirlits. Stór hluti af



verkefnum innri endurskoðunar er að prófa virkni innra eftirlits, sannreyna skipulag þess og kanna hvort veikleikar séu til staðar í innra eftirliti.

Í yfirlýsingu borgarstjórnar um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar kemur fram að borgarstjórn beri ábyrgð á að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits í starfsemi borgarinnar og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um; að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi, í samræmi við markmið sveitarfélagsins; áreiðanleika og réttmæti fjárhagsupplýsinga sem veittar eru ytri aðilum og að fylgt sé lögum og reglum sem gilda um starfsemina. Borgarstjórn hefur lýst yfir því að við uppbyggingu á innra eftirliti hjá Reykjavíkurborg sé tekið mið af ramma COSO, sem er alþjóðlega viðurkenndur rammi um innra eftirlit. Samkvæmt COSO rammanum er innra eftirlit brotið niður í fimm meginþætti, sem eru:

- Eftirlitsumhverfi
- Áhættumat
- Eftirlitsaðgerðir
- Upplýsingar og samskipti
- Vöktun innra eftirlits

Á undanförunum árum hafa, að beiðni endurskoðunarnefndar, verið gerðar úttektir á stöðu innra eftirlits með hliðsjón af COSO rammanum. Með úttektum Innri endurskoðunar og ráðgjafar og viðbrögðum stjórnenda við ábendingum sem þar hafa komið fram hefur mikið áunnist í því að byggja upp innra eftirlit innan A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum ramma.

7. ÁHÆTTUSTÝRING

Fyrir liggur samþykkt áhættustefna fyrir borgina frá árinu 2021. Unnið er að uppfærslu á þeirri stefnu í þeim tilgangi að skerpa betur á ýmsum atriðum þar. Í uppfærslunni verða m.a. gerðar breytingar á markmiðum borgarinnar með skipulagðri áhættustýringu, breytingar á áhættulandslagi borgarinnar, gerðar breytingar á hlutverkum og ábyrgð aðila innan borgarkerfisins og jafnframt farið dýpra í aðferðafræði og áhersla lögð á líkinda- og tölfræðilega útreikninga í stað huglægs áhættumats.

Í nýlegu skipuriti fjármála- og áhættustýringarsviðs sem tók gildi 1. janúar 2024 varð til staða áhættustjóra sem heyrir undir sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs. Áhættustjóri hefur ekki starfsmenn í þjónustu sinni en í stað þess verður vinnsla verkefna unnin í teymisvinnu í samstarfi við skrifstofur sviðsins Þær leggja áhættustjóra til sérfræðinga á grundvelli samþykkrar starfsáætlunar. Áhættustjóri er hluti af framkvæmdastjórn sviðsins og ber ábyrgð á upplýsingagjöf til sviðsstjóra, borgarstjóra, fjármálahóps og borgarráðs.

Samkvæmt áhættustefnunni á áhættunefnd að endurmeta og samþykkja verklag áhættustjórnunar og fylgja því eftir að unnið sé í samræmi við stefnuna. Áhættunefnd hefur



ekki verið starfandi og því hefur ekki farið fram endurgjöf eða mat á fylgni á störfum áhættustýringar við áhættustefnuna eða aðgerðaáætlunina. Nú hefur áhættunefnd verið stofnuð, með samþykkt borgarráðs þann 7. mars 2024, sem liður í því að tryggja stuðning yfirstjórnar með áhættustjórnun og treysta umboð áhættustjóra í borgarkerfinu.

Endurskoðunarnefnd hefur fylgst með störfum áhættustýringar og hafa áhættustjóri og sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs komið inn á fundi nefndarinnar. Fagsvið innri endurskoðunar kynnti niðurstöður úttektar á áhættustýringu Reykjavíkurborgar á fundi endurskoðunarnefndar þann 8. apríl 2024 og var skýrslunni síðan skilað til nýstofnaðrar áhættunefndar borgarinnar. Nefndin hefur áður lagt áherslu á heildstæða stefnu áhættustýringar fyrir Reykjavíkurborg og ítrekað mikilvægi þess. Endurskoðunarnefndin fagnar því að áhættustýring sé orðin hluti af þeim stjórnækjum sem Reykjavíkurborg nýtir sér og ítrekar mikilvægi áframhaldandi þróunar.

8. UM ÁRSREIKNING REYKJAVÍKURBORGAR 2023

8.1. VINNUFERLI VIÐ GERÐ REIKNINGSSKILA

Endurskoðunarnefnd ber að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum eins og fram kemur í 4. gr. samþykktar fyrir nefndina. Nefndin lítur svo á að hér sé um að ræða eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila sem ætlað er að tryggja sem best áreiðanleika hvers konar fjárhagsupplýsinga sem lagðar eru fyrir borgarráð, borgarstjórn og stjórnir félaga innan samstæðu borgarinnar.

Innri endurskoðun og ráðgjöf hefur á undanförunum árum gert nokkrar úttektir á uppgjörsferli Reykjavíkurborgar.

Nefndin fundaði margsinnis á starfsárinu með fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar (FAS) þegar unnið var að gerð árs Slutareikninga og ársreiknings fyrir árið 2023 til þess að fara yfir vinnu við reikningsskilagerðina og álitaefni tengd henni.

8.2. UMSÖGN UM ÁRSREIKNING

Endurskoðunarnefndin fékk kynningu FAS á drögum að ársreikningi Reykjavíkurborgar og samstæðu fyrir árið 2023 ásamt fylgigögnum á fundi nefndarinnar þann 8. apríl sl. Í framhaldi af þeirri kynningu sendi nefndin eftirfarandi bókun til borgarráðs:

„Samþykkt endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir að nefndin hafi eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og eftirlit með ytri og innri endurskoðun og fari auk þess yfir



fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Nefndin hefur í samræmi við það fengið kynningu fjármála- og áhættustýringarsviðs á drögum að ársreikningi Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 ásamt fylgigögnum. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu á grundvelli ofangreinds að ekkert bendi til annars en að ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023, sem verður lagður fram á fundi borgarráðs þann 11. apríl nk., teljist fullgerður og tilbúinn til endurskoðunar í samræmi við 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011“.

Fulltrúar endurskoðunarnefndar áttu sérstaka fundi með stjórnendum og ytri endurskoðendum B hluta fyrirtækja innan samstæðu borgarinnar vegna ársreikninga fyrir árið 2023. Nefndin fór yfir endurskoðunarskýrslur og ársreikninga þeirra og skilaði sérstakri umsögn um hvern þeirra og lagði fyrir stjórnir viðkomandi félaga. Nefndin fylgdi flestum umsögnum sínum eftir á þeim stjórnarfundum þar sem ársreikningar voru afgreiddir.

Nefndin fékk aðra kynningu á drögum að ársreikningi Reykjavíkurborgar og samstæðu fyrir árið 2023 þann 29. apríl 2024. Á fundinum fór einnig fram kynning á skýrslum ytri endurskoðenda. Í umsögn endurskoðunarnefndar um ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Nefndin hefur átt gott samstarf við þá stjórnendur sem koma að ársreikningsgerð Reykjavíkurborgar og gerð ársreikninga B-hluta félaganna sem og hefur samstarf við ytri endurskoðendur Reykjavíkurborgar gengið vel.

Á fundi endurskoðunarnefndar þann 8. maí 2023 óskaði nefndin eftir því að Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar framkvæmdi úttekt á innra eftirliti við vinnu við gerð reikningsskila. Beiðni nefndarinnar um úttekt kom í kjölfar skekkju sem varð við gerð ársreiknings 2022 og var uppgötvuð áður en ársreikningurinn kom til afgreiðslu borgarstjórnar. Skýrsla um framkvæmd og niðurstöður úttektarinnar voru lagðar fyrir nefndina þann 23. þ.m. Í skýrslunni koma fram nokkrar ábendingar sem beint er að Fjármála- og áhættustýringarsviði og hefur sviðið þegar hafið úrvinnslu þeirra.

Nefndin leggur áherslu á að brugðist sé við öllum ábendingum sem fram koma í skýrslu ytri endurskoðenda en það er meðal reglubundinna verkefna hennar að fylgjast með því með hvaða hætti stjórnendur bregðast við ábendingum ytri endurskoðenda. Nefndin fylgist með framgangi vinnu vegna ábendinga ytri endurskoðenda með því að kalla formlega eftir skriflegum svörum og viðbrögðum stjórnenda í september ár hvert.

Í drögum að áritun óháðra endurskoðenda á ársreikning 2023 kemur fram það álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu borgarinnar 31. desember 2023 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Það er álit endurskoðunarnefndar að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu af hálfu borgarstjórnar.“



9. SJÁLFSMAT OG VIÐHORFSKÖNNUN

Nefndin hefur árlega framkvæmt sjálfsmat m.a. í samræmi við starfsreglur nefndarinnar. Markmið sjálfsmatsins er að efla og styrkja starf nefndarinnar með því að rýna eigin störf og stuðla að bættu verklagi eftir því sem kostur er. Sjálfsmatið var framkvæmt m.a. með innri könnun meðal nefndarmanna og víðtækari viðhorfskönnun með spurningum sem lögð var fyrir hagsmunaaðila. Þar má nefna borgarstjórn, æðstu embættismenn borgarinnar og stjórnendur B hluta félaga.

Viðhorfskönnunin var framkvæmd á tímabilinu 8. maí – 7. júní 2024 og var send út á 71 einstakling. Alls svöruðu 39 og var svarhlutfallið 55%. Til samanburðar beindist sams konar könnun á árinu 2022 að 72 einstaklingum og var svarhlutfallið þá 39%.

Í viðhorfskönnuninni voru settar fram eftirfarandi sjö fullyrðingar:

Vinsamlegast svaraðu hversu sammála eða ósammála þú ert eftirfarandi fullyrðingum:

- Ég þekki hlutverk endurskoðunarnefndar.
- Ég treysti faglegrri vinnu endurskoðunarnefndar.
- Ég reiði mig á störf endurskoðunarnefndar.
- Ég fæ nægar upplýsingar um störf endurskoðunarnefndar.
- Ég tel að endurskoðunarnefndin setji upplýsingar fram á skýran og gagnlegan hátt.
- Ég er ánægð/ur/t með samskipti við endurskoðunarnefndina.
- Á heildina litið er ég ánægð/ur/t með störf endurskoðunarnefndar.

Enn fremur var beint til þátttakenda þremur spurningum:

1. Hvað er það í störfum endurskoðunarnefndar sem þú ert ánægð/ur/t með?
2. Hvað finnst þér mega betur fara í störfum nefndarinnar eða vanta að nefndin geri?
3. Annað sem þú vilt koma á framfæri ?

Niðurstöðurnar sýna (tölur í sviga frá 2022) að um 92% (90%) hagsmunaaðila eru mjög sammála eða sammála þeirri fullyrðingu að þeir þekki til hlutverks nefndarinnar. Þá eru 92% (93%) hagsmunaaðila mjög sammála eða sammála fullyrðingunni um að þeir treysti faglegrri vinnu



nefndarinnar. Nokkuð lægra hlutfall hagsmunaaðila, eða 77% (75%), er mjög sammála eða sammála því að þeir reiði sig á störf nefndarinnar en 13% eru því ósammála eða mjög ósammála. Þá telja 67% (61%) hagsmunaaðila sig sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að þeir fái nægar upplýsingar um störf nefndarinnar en 8% (11%) eru því ósammála eða mjög ósammála. Varðandi framsetningu upplýsinga frá nefndinni þá telja 80% (78%) sig sammála eða mjög sammála því að þær séu settar fram á skýran og gagnlegan hátt. Hvað varðar ánægju með samskipti við nefndina þá lýstu 82% (71%) því að þeir væru sammála eða mjög sammála því að þeir væru ánægðir með samskipti við nefndina en 5% eru því ósammála (2 einstaklingar).

Af þeim sem svöruðu spurningunni um hvort þeir væru ánægðir með störf nefndarinnar á heildina litið, þá voru 85% (79%) sammála eða mjög sammála því en 8% eru ósammála (3 einstaklingar).

Í svörum við könnuninni komu fram gagnlegar upplýsingar og ábendingar, bæði um það sem svarendur voru ánægðir með og það sem þeir töldu að mætti betur fara í störfum nefndarinnar.

Könnun af þessu tagi er mjög gagnleg fyrir nefndina og hjálpar henni við að leggja mat á hvernig hún er að standa sig. Almennt virtust þátttakendur í viðhorfskönnuninni vera ánægðir með störf nefndarinnar. Nefndin mun taka mið af niðurstöðum könnunarinnar ásamt því að fylgja eftir eigin áhersluatriðum úr sjálfsmati við skipulagningu á störfum nefndarinnar fyrir starfsárið 2024 – 2025.

10. ÖNNUR MÁL

Á starfsárinu tók nefndin til umfjöllunar ýmsar úttektir og áætlanir Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar og gekk frá umsögnum og bókunum eins og tilefni voru til.

Nefndin hefur gengið frá og afgreitt starfsskýrslur fyrir einstök B hluta félög þar sem gerð er grein fyrir helstu verkefnum nefndarinnar varðandi viðkomandi félag.

Endurskoðunarnefnd óskaði skýringa FAS vegna skekkju í drögum að ársreikningi 2022 sem var lagður fram í borgarráði 13. apríl 2022. Nefndin fékk skýringar á skekkjunni og ástæðum hennar á fundi í 16. október 2023. Fram fór úttekt á vinnuferli við gerð reikningsskila Reykjavíkurborgar sem unnin var af óháðu sérfræðifyrirtæki og fékk nefndin kynningu á niðurstöðum hennar hinn 23. apríl 2024.

Með skýrslu þessari hefur endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar gert grein fyrir helstu störfum sínum á liðnu starfsári. Nefndin þakkar innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar, sem hefur verið ritari nefndarinnar, starfsfólki Innri endurskoðunar og ráðgjafar, stjórnendum og öðrum sem nefndin hefur átt samskipti við fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári.



Reykjavík, 13. janúar 2025

Lárus Finnbogason, formaður

Einar Sveinn Hálfðánarson

Sigrún Guðmundsdóttir

Sunna Jóhannsdóttir

